



Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga

2017





Skáld í skólum

Platorð og flækjusögur

Geta sögur platað okkur? Hvað þýða orðin? Af hverju getur sama orðið haft fleiri en eina merkingu? Er hægt að segja margar sögur á sama tíma? Hvers vegna elska allir góða sögu? Rithöfundarnir **Davíð Stefánsson** og **Margrét Tryggvadóttir** fjalla í skemmtilegri dagskrá um leyndardómsfullar sögur og flókin, óþekk og jafnvel óþreijufull orð.

Davíð Stefánsson hefur sent frá sér ljóð, smásögur og námsefni í íslensku og ritun fyrir börn og unglinga og hefur um árabíl haldið námskeið í skapandi skrifum. Margrét Tryggvadóttir hefur skrifað fjórar barnabækur og er annar höfundur *Íslandsbókar barnanna*. Hún vinnur nú að barnabók um listmálarann Jóhannes S. Kjarval.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk.**

Ath. tímabil dagskrár er **9. okt. – 9. nóv.**



Skáld í skólum

Að smíða sér heim

Maður getur verið á hafsbotni, úti í geimi, á Íslandi, í útlöndum eða á stað sem er hvergi til. Í ævintýraveröld, í hversdagslífinu, á Ísland árið 1017 eða 2017. En hvar er best að vera? Rithöfundarnir **Gunnar Theodór Eggertsson** og **Ragnhildur Hólmgeirsdóttir** fjalla um mikilvægi þess að kynnast eigin hugarflugi, um ólíkar gerðir af innblæstri og hvernig hægt er að búa til áhugaverðan söguheim og persónur sem skipta mann máli.

Gunnar Theodór Eggertsson er bókmenntafræðingur og hefur sérhæft sig í dýrasögum en líka hryllingi og ævintýrum. Von er á fjórðu bók Gunnars, *Galdra-Dísu*, í haust. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir er sagnfræðingur og sérhæfir sig í miðöldum. Hún skrifar mest um drauga og óhugnað og hefur sent frá sér skáldsöguna *Koparborgina*.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk.**



Skáld í skólum

Puttaferðalag með ljóðskáldi og rappara

Leiðinlegar sögur og leiðinleg ljóð, skemmtilegar sögur og skemmtileg ljóð, dagbækur frá unglingasárum, puttaferðalög, gæludýr, ógeðslega við unglingaföt og ýmislegt fleira er á dagskrá hjá **Þórdísi Gísladóttur**, ljóðskáldi og unglingabókahöfundi, og **Atla Sigþórssyni**/Kött Grá Pje, rithöfundi og rappara. Þórdís og Atli rifja upp eigin unglingasár í Hafnarfirði og á Akureyri, spjalla um unglinga, unglingabækur, ljóð og sögur. Þau lesa líka úr eigin verkum, bókum hvors annars og jafnvel verkum einhverra allt annarra skálda.

Þórdís Gísladóttir er íslenskfræðingur að mennt og hefur sent frá sér ljóðabækur og barna- og unglingabækur. Hún hefur enn fremur þýtt fjölda bóka, ritstýrt tímariti og stjórn að barnabókmenntahátíð. Atli Sigþórsson semur alls kyns orðlist en hann hefur m.a. sent frá sér örsögur, ljóð, reggilög og rapp.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk.**

Skáld í skólum

Sígildar dagskrár

Verð og tímalengd

Tímalengd: ein kennslustund / 40 mínútur.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.

Verð: kr. 35.000.

Hámarksfjöldi áhorfenda er 100 nemendur á yngsta stigi en 150 nemendur á mið- og unglingastigi.

**Allar pantanir berist á tinna@rsi.is.
Nánari upplýsingar eru veittar
í síma 568 3190.**



Skapandi skrif

Veiðum hugmyndir!

Hvernig veiðir maður, verkar, kryddar og matreiðir girnilegar hugmyndir? Allt í kringum okkur eru hugmyndir á sveimi, hver sem er má fanga þær og stinga í pottinn sinn. Maður þarf ekkert veiðileyfi, bara réttu veiðarfærin. Rithöfundurinn **Hildur Knútsdóttir** opnar veiðitöskur sínar og kynnir spennandi aðferðir til hugmyndaveiða. Í ritsmiðjunni fá nemendur tækifæri til að spreyta sig á mismunandi bókmenntaformum og læra aðferðir til að kveikja hugmyndir og fanga þær á blað.

Hildur Knútsdóttir hefur sent frá sér ævintýrlegar skáldsögur fyrir börn, unglinga og fullorðna og eina lífstílsbók. Hún hefur áður haldið ritsmiðjur fyrir fólk á ýmsum aldri.

Námskeiðið hentar best **5. – 7. bekk.**



Sígild dagskrá

Skrópað í skóla lífsins

Reykjavíkurskáldið rannsakað í tali og tónum. Ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** bregða á lek með borgarskáldið **Tómas Guðmundsson** í farteskinu. Tómas er eitt ástsælasta ljóðskáld Íslendinga og fegurð, kímni og rómantik svífa yfir vötnum í liflegri dagskrá þar sem þeir félagar fara í gegnum líf og ljóð Tómasar og spila ástsæl sönglög sem samin hafa verið við ljóð hans.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hefur sent frá sér fjölda verka fyrir börn og fullorðna og hefur átt gjöfult samstarf við marga tónlistarmenn gegnum árin. Svavar Knútur hefur sent frá sér hljómplötur og hefur á undanförunum misserum komið fram á fjölda tónleika hérlandis og erlendis. Aðalsteinn og Svavar eiga saman heiðurinn af vinsælli dagskrá um Stein Steinarr sem þeir hafa flutt í fjölda skóla um land allt.

Dagskráin hentar **öllum aldurshópum.**



Skapandi skrif

Hvað er handan við hornið?

Hvað er það sem knýr sögu áfram? Af hverju flettir maður yfir á næstu síðu? Er eitthvað að fara að gerast eða ríkir lognmollan ein? **Huldar Breiðfjörð** rithöfundur kynnir ólík skáldskaparform, dregur fram mismuninn á þeim en útskýrir jafnframt hvað þau eiga sameiginlegt. Í ritsmiðjunni prófa nemendur að skrifa ólíkar gerðir texta og komast að því hvernig hægt er að halda lesanda við efnið og teyma hann hugfanginn áfram frá einu spurningamerki til annars.

Huldar Breiðfjörð hefur sent frá sér ljóð, smásögur og skáldsögur og skrifað leikrit og kvikmyndahandrit og er annar höfundur kvikmyndarinnar *Undir trénu*. Hann hefur áður kennt ritsmiðjur við Háskóla Íslands og Endurmenntun.

Námskeiðið hentar best **8. – 10. bekk.**

Skapandi skrif

Verð og tímalengd

Boðið er upp á ólíkar bókanir eftir þörfum hvers skóla:

- **Fyrsta heimsókn/ein heimsókn 1 x 80 mínútur.**
Verð kr. 35.000.
- **Önnur heimsókn, framhald, 1 x 40 mínútur.**
Verð kr. 17.500.
- **Þriðja heimsókn, framhald, 1 x 40 mínútur.**
Verð kr. 17.500.

Í annarri og þriðju heimsókn gefst tækifæri til frekari úrvinnslu og reiknað er með einhvers konar útskrift eða uppskeru í síðasta tímanum, t.d. með upplestri eða sýningu á ritsmiðum nemenda. Reiknað er með að hver heimsókn sé með viku millibili.

Hægt er að lengja eftirfylgnitímann úr 40 mín í 80 mín og þá gildir sama verð og fyrir fyrstu heimsókn, **35.000 kr.**

Hægt er að panta eina til þrjár heimsóknir eftir þörfum. Æskilegur fjöldi þátttakenda er einn bekkur í senn en hámarksfjöldi miðast við tvo bekki, ca. 45 nemendur.

Ef skólar á landsbyggðinni panta fleiri en eina heimsókn í skapandi skrifum er gert ráð fyrir að önnur og þriðja heimsókn fari fram innan tveggja daga.

**Allar pantanir berist á tinna@rsi.is.
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 568 3190.**



Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006. Allt frá upphafi tóku grunnskólar landsins því fagnandi og hefur verkefnið löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímabókmennta í grunnskólum landsins. Þegar hafa yfir 60 mismunandi dagskár orðið til innan vébanda verkefnisins og er það í stöðugri þróun. Í fyrra kynntum við nýjung sem margir höfðu kallað eftir, ritsmiðjuheimsóknir þar sem vanir rithöfundar leiða nemendur inn í ævintýraheim skapandi skrifa. Þær heppnuðust vonum framar og í ár bjóðum við upp á spennandi ritsmiðjur fyrir bæði miðstig og unglingastig þar sem skólar geta valið um hvort höfundarnir hitta nemendur einu sinni, tvisvar eða þrisvar sinnum í ritsmiðjum. Hinar hefðbundnari rithöfundahimsóknir eru að venju afar metnaðarfullar og spennandi, sumar eru framsæknar en aðrar sækja í menningararfinn.

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum
njóta stuðnings
Menntamálaráðuneytisins og
Samfélagssjóðs Landsbanka Íslands.

Skáld í skólum

Sígildar dagskrár

Skapandi skrif

Tímabil á haustönn:

16. október – 17. nóvember 2017.

Athugið að dagskrá fyrir yngsta stig, Platorð og flækjusögur, er í boði frá **9. október – 9. nóvember.**

Að auki er hægt að bóka dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við hvern og einn rithöfund.

Frestur til að panta dagskrár er til **29. september 2017.**

Æskilegt er að skólar á landsbyggðinni hafi samráð um pantanir til að hægt sé að nýta ferðir sem allra best.

Allar pantanir berist á tinna@rsi.is

Upplýsingar í **síma 568 3190**
og á heimasíðu Höfundamiðstöðvar:
www.rsi.is/hofundamidstod



Skraddarasniðnar dagskrár

Höfundar að eigin vali

Vert er að minna á að margir höfundar bjóða upp á skemmtilegar dagskrár þar sem þeir fjalla um verk sín og bókmenntir í stærra samhengi. Skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök geta leitað til Höfundamiðstöðvar sem veitir upplýsingar og hefur milligöngu um að bóka slíkar dagskrár og veitir líka ráðgjöf varðandi námskeið og aðra viðburði sem rithöfundar koma að.

Upplýsingar í síma: **568 3190**
www.rsi.is/hofundamidstod
tinna@rsi.is